

Ed.

1004. Nefndarálit

[56. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið, sem er til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem gefin voru út 23. júní 1980. Á fund nefndarinnar komu Ingi Tryggvason, formaður Framleiðsluráðs, og Árni Jónasson, erindreki Stéttarsambands bænda, og skýrðu frá framkvæmd á þeirri framleiðslustjórnun, sem ákveðin hefur verið samkvæmt heimildum laganna um Framleiðsluráð, og þeim árangri, sem setning bráðabirgðalaganna hefur gefið.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það kom frá Nd., en Eiður Guðnason skrifar undir með fyrirvara. Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 21. maí 1981.

Jón Helgason,
frsm.

Eiður Guðnason,
fundaskr., með fyrirvara.
Davíð Aðalsteinsson.

Helgi Seljan.